

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. ágúst 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald á Suðurnesjum.**

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.000 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. mars ár hvert. Eindagi hundaleyfisgjalda fyrir árið 1999 skal þó vera 15. ágúst 1999.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 268/1996 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

*Suðurnesjum, 12. júlí 1999.*

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

**Magnús H. Guðjónsson,**

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.**

1. gr.

Orðið „hérlendis“ í c-lið 1. mgr. 1. gr. fellur brott.

2. gr.

1. málslíður 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla eiga þeir sem flytja inn verksmiðjuframeidd íbúðarhús eða frameiða íbúðarhús í verksmiðju hér á landi.